



Úthlutun rannsóknastyrkja 2023 úr Vísindasjóði Landspítala.

Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2023

Árið 2023 barst Vísindasjóði Landspítala 93 umsókn um styrki og nam heildarfjárhæð umsókna að þessu sinni um 211 milljónum króna. Vísindasjóður úthlutaði styrkjum til 74 rannsóknarverkefna 2023, þar af voru 52 ný verkefni sem hlutu styrk. Heildarupphæð styrkja nam um 118 milljónum króna og nam meðalstyrkur rúmlega 1,5 milljónum króna. Tilgangur Vísindasjóðs Landspítala er að styrkja og efla vísindarannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum meðal starfsmanna. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með faglegu mati á þeim umsóknum sem berast sjóðnum.

Listi með veittum styrkjum: [Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala vorið 2023](#)

Úthlutun styrkja úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 2023

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands veitti 4 verðlaunastyrki að heildarupphæð 7,5 milljóna króna til einstaklega metnaðarfullra verkefna. Sjóðurinn var stofnaður árið 1916 og er tilgangur sjóðsins að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og/eða til valinna verkefna á vegum Landspítala. Verðlaunahafar eru valdir af stjórn sjóðsins eftir ábendingu frá Vísindaráði Landspítala úr umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala og verðlaunastyrkir afhentir á Vísindum á vordögum.

Verðlaunastyrk hlutu:

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor og samstarfsfólk fyrir framhaldsverkefnið „Sérhæfing bólguhjónunarsvipgerðar og hlutverks NK frumna.“

Oddur Ingimarsson, sérfræðilæknir og lektor og samstarfsfólk fyrir framhaldsverkefnið „Geðrof og manífur hjá einstaklingum á ADHD lyfjum á Íslandi.“

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor fyrir verkefnið „Elucidation of transcriptional regulators of the mild hypothermia response“.

Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur fyrir verkefnið „Fjölpátta heilsuefning til einstaklinga (60+) sem eru arfhreinir með tilliti til apolipopróteins (APoE) ε4/ε4“.

Vísindaráð Landspítala - helstu verkefni á árinu 2023

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur einnig umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala og var það stærsta verkefni Vísindaráðs á árinu eins og endranær. Árlega velur ráðið heiðursvísindamann Landspítala og ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda að skipulagi árlegrar uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum sem fram fór 26.apríl. Vísindaráð metur einnig innsend ágríp sem sýnd eru á hátíðinni, ágrípin eru birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingasjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Vísindaráð vann á árinu að tillögu að breyttri úthlutunarstefnu Vísindasjóðs Landspítala, um stofnun fagráðs með sérfræðingum utan Landspítala, um aukið vægi ráðgjafahlutverks ráðsins og staðsetningu í skipuriti Landspítala, og endurskoðun núverandi hlutverks Vísindaráðs gagnvart Vísindasjóði.

Vísindaráð Landspítala er skipað 10 aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Starfandi aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2023

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands.

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Leysti af sem aðalmaður í fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur.

Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands.

Starfsmaður Vísindaráðs

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur.



Magnús Gottfredsson, forstöðumaður vísindastarfsemi og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

Árangursvísar í vísindastarfsemi

Á árinu 2023 var engin lognmolla á Landspítala frekar en fyrri ár og verkefnið óþrjótandi. Árið 2023 var næstsíðasta ár núgildandi vísindastefnu spítalans, sem tekur til áraanna 2019-2024.

Eitt meginmarkmið þeirrar stefnu er að auka framlög til vísindastarfsemi til samræmis við það sem er talið eðlilegt á norrænum háskólasjúkrahúsum. Einnig er lögð áhersla á að vísindastarf sé eftt og samfíð daglegri starfsemi, jafnframt því sem unnið sé að bættari aðstöðu til vísindastarfa og þróun öflugra rannsóknarhópa. Í stefnunni segir einnig að framlög til vísindastarfsemi nái að lágmarki 3% af veltu á árinu 2024 og að aukning verði á fjölda greina þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur kemur frá Landspítala.

Ástæðan fyrir því að menn voru sammála um að stefna að þessum markmiðum er einföld: Fjárfesting í vísindastarfi og þekkingarsköpun er skynsamleg ráðstöfun fjármuna sem skilar sér í bættem árangri í klínískri þjónustu og auðveldar spítalanum að laða að og halda í hæft starfsfólk.





” Fjárfesting í vísindastarfi og þekkingarsköpun er skynsamleg ráðstöfun fjármuna sem skilar sér í bættem árangri í klínískri þjónustu og auðveldar spítalanum að laða að og halda í hæft starfsfólk. “

Því miður bendir fátt til að spítalinn muni ná þessum tölulegu markmiðum í bráð, enda hafa framlög til vísindastarfsemi staðið í stað undanfarin ár og tími til að sinna vísindastörfum er áfram mjög af skornum skammti. Einn helsti árangursvísirinn, fjöldi birtinga í ritrýndum erlendum vísindatímaritum, hélt áfram að dragast saman á árinu 2023 og var þar um að ræða áframhald á þróun undanfarinna ára (mynd 1). Þessi þróun er sérstakt áhyggjuefni, en hún helst í hendur við hvernig klínísk heilbrigðisvísindi við Háskóla Íslands hafa fallið á alþjóðlegum listum sem bera saman gæði háskóla.

Fjöldi nema í meistara- eða doktorsnámi sem tengjast spítalanum í námi sínu hefur hins vegar haldist svipaður (mynd 2). Umsóknum til síðanefndar spítalans fjölgaði á síðasta ári sem er ánægjuleg vísibending um vaxandi rannsóknáform og áhuga, en umsóknum til vísindasíðanefndar, sem oft endurspeglar stærri verkefni (lyfjarannsóknir og rannsóknir á landsvísu) fækkaði á sama tíma (mynd 3). Fjárhæðir styrkja má sjá á mynd 4 sundurgreint eftir því hvort um var að ræða innlenda eða erlenda styrki. Eins og þar kemur fram hafa erlendir styrkir haldið áfram að dragast saman, en innlendir styrkir hækkað og þar munar um aukin framlög til vísindasjós spítalans sem er sérstakt ánægjuefni.

Landspítali er háskólasjúkrahús og miðstöð kennslu og rannsókna í klínískum greinum á Íslandi. Ljóst er að styrkja þarf þennan þátt starfseminnar með öllum tiltækum ráðum og koma því þannig fyrir að þetta langtímahlutverk verði ekki ávallt undir í samkeppni við bráðavandamál sem stöðugt knýja dyra. Í heilbrigðisstefnu fyrir Ísland til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi 2019 kemur fram að stofnaður skuli sérstakur heilbrigðisvísindasjóður í síðasta lagi árið 2024. Gjörvallur þingheimur stóð að baki þeirri stefnu. Tryggja þarf að stofnun slíks sjós og fjármögnun hans verði að veruleika.

Hér á spítalanum hefur tekist vel til við að byggja upp sérnám í ýmsum klínískum greinum. Hluti af góðu framhaldsnámi og sérfræðiviðurkenningu felur gjarnan í sér kröfuna um reynslu á sviði rannsókna, þótt ekki verði allir klínískir sérfræðingar vísindamenn þegar upp er staðið. Þennan þátt í sérnámi þarf engu að síður að byggja upp á sama hátt og klíníska þjálfun, líkt og gert hefur verið með góðum árangri á öðrum Norðurlöndum. Ég hvet til að góðum hugmyndum þaðan verði stolið og þeim hrint í framkvæmd hér á Landspítala!





Ingibjörg Gunnarsdóttir, heiðursvísindamaður Landspítala 2023.

Heiðursvísindamaður Landspítala 2023

Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur var valin heiðursvísindamaður Landspítala 2023 (Distinguished Scientific Contribution Award 2023) fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum.

Ingibjörg Gunnarsdóttir er fædd árið 1974. Hún lauk BS-prófi í matvælafræði frá Háskóla Íslands 1997, meistaragráðu í næringarfræði árið 1999 og doktorsgráðu frá Háskóla Íslands haustið 2003.

Ingibjörg hefur gegnt starfi deildarstjóra næringarstofu Landspítala frá árinu 2013 og veitt Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands forstöðu. Hún er jafnframt prófessor í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Ingibjörg hefur komið að fjölbreyttum rannsóknum á sviði næringarfræði síðastliðin 25 ár í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa. Hún hefur síðastliðin 10 ár fyrst og fremst helgað sig rannsóknum á næringarástandi viðkvæmra hópa með megináherslu á barnshafandi konur og m.a. stuðlað að hagnýtingu rannsókna í klínisku starfi.

Ingibjörg hefur leiðbeint fjölda meistara- og doktorsnemenda á undanföllum árum.

Verðlaun í læknisfræði og skyldum greinum

Sædis Sævarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands, gígtaarlæknir á Landspítala og vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu, hlaut verðlaun úr Verðlaunasjóði Árna Kristinnsonar og Þórðar Harðarsonar í læknisfræði og skyldum greinum sem afhent voru á Vísindum á vordögum.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1983 af Árna og Þórði, fyrrverandi yfirlæknum á Landspítala og prófessorum við Háskóla Ísland, en tilgangur sjóðsins er að efla og kynna vísindastarfsemi í heilbrigðisvísindum.

Sædis Sævarsdóttir lauk embættisprófi í læknisfræði 2001 og doktorsprófi í ónæmisfræði 2005 við læknadeild HÍ. Hún lauk sérnámi í lyf- og gígtaarlækningum við gígtaardeild Karolinska háskólasjúkrahússins í Stokkhólmi 2012 og var yfirlæknir þar 2014-2017. Hún stundaði rannsóknir samhliða við Karolinska Institutet (KI) þar sem hún varð dósent í gígtaarlækningum 2016 og sat í stjórn sænska gígtaargæðagagnagrunnsins.

Sædis er í stjórn íslensku og skandinavísku gígtaarlæknaamtakanna og situr fyrir hönd Íslands í NOS-M, samráðsnefnd norrænu rannsóknasjóðanna.

Verðlaunaágrip á vordögum

Tvo bestu ágrip veggspjalda á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindum á vordögum, í Hringstal 26. Apríl 2023 voru verðlaunuð sérstaklega. Verðlaunahafarnir voru Þórður Björgvin Þórðarson og Krittine Nolling Jensen. Verðlaunin eru allt að 150 þúsund krónur í formi endurgreiðslu á kostnaði verðlaunahafanna vegna kynningar/ferða til kynningar á rannsóknarniðurstöðunum. Verðlaunahafar tóku á móti viðurkenningakjölum og kynntu veggspjöld sín á veggspjaldasýningu hátíðarinnar. Verðlaunaágrip voru valin úr 29 innsendum ágripum vísindarannsókna árið 2023. Vísindaráð hafði veg og vanda við mat ágripa sem bærust og velja verðlaunahafana.

Veggspjöld verðlaunahafanna:

Þórður Björgvin Þórðarson: Árangur meðferðar og afdrif minnstu fyrirburanna á Íslandi 1990-2019

Krittine Nolling Jensen: Dietary fish oil enhances early hallmarks of inflammation resolution in antigen-induced peritonitis



Poorya Foroutan Pajooian, ungur vísindamaður Landspítala 2023.

Ungur vísindamaður ársins 2023

Poorya Foroutan Pajooian var útnefndur ungur vísindamaður Landspítala 2023 (Young Scientist of Landspítala award 2023).

Poorya Foroutan Pajooian lauk BSc á sviði heilbrigðisvísinda árið 2016 og MSc í ónæmisfræði árið 2019.

Poorya stundar doktorsnám við læknadeild Háskóla Íslands undir leiðsögn Ingileifar Jónsdóttur prófessors og Stefaniú P. Bjarnarsonar dósent og starfar á ónæmisfræðideild Landspítala.

Hann er stjórnarmaður í Lífvísindasetri sem fulltrúi doktorsnema. Hann vinnur nú að aðferðum til að vinna bug á takmarkaðri bóluefnissvörun og vernd gegn öndunarfærasykingum.

Nýlega birti hópur þeirra ritrýnda grein í „Journal of Frontiers in Immunology“ þar sem Poorya er þriðji höfundur og þeir sýndu fram á að ónæmisglæðarnir dmLT og mmCT auka bæði örvun og viðvarandi ónæmissvörun nýbura við bóluefninu Pn1-CRM197 eftir bólusetningu í slímhúð eða utan meltingarveggar. Poorya hefur einnig haldið erindi og kynnt veggspjöld með niðurstöður úr rannsóknum sínum innanlands og á alþjóðlegum ráðstefnum.



Á myndinni eru talin frá vinstri: Runólfur Pálsson, Þórður Harðarson, Sædis Sævarsdóttir, verðlaunahafi, og Árni Kristinnson.

Sædis hefur leiðbeint 9 doktorsnemunum og birt fjölda vísindagreinar en flestar rannsóknir hennar og samstarfsfólks hafa beinst að því að finna áhættuþætti og forspárþætti fyrir meðferðarsvörun og horfum í algengasta líðbólusjúkdómnum, iktsýki (rheumatoid arthritis), öðrum gígta- og sjálfsónæmissjúkdómum.



Verðlaunahafarnir Þórður Björgvin Þórðarson og Krittine Nolling Jensen.

Öll veggspjöld á Vísindum á vordögum 2023 er að finna [á vef spítalans.](#)

Öll ágrip sem bærust vegna veggspjalda er að finna á [vef Læknablaðsins.](#)



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á Landspítala ásamt Runólfi Pálssyni, forstjóra Landspítala.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna 2023

Vísindasjóður Landspítala styrkti 5 unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 12. desember 2023 í Hringstal, Landspítala. Styrkirnir námu 1,5 og 3 milljónum króna hver, en veitt var úr sjóðnum í fyrsta skipti til 2ja ára. Vísindasjóður Landspítala í krafti vinnu Vísindaráðs Landspítala hefur veitt styrki til ungra vísindamanna á Landspítala síðan árið 2011 og nemur heildarfjárhæð styrkja sem sjóðurinn hefur úthlutað til ungra vísindamanna rúmlega 150 milljónum króna. Markmið þessara styrkja er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirni nýtskrifaðra starfsmanna spítalans. Þórarinn Guðjónsson, prófessor og forseti Læknadeildar Háskóla Íslands, setti athöfnina og flutti ávarp. Marianne Elisabeth Klinke, prófessor og starfandi formaður Vísindaráðs kynnti styrkjaflokkinn og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala og formaður Vísindasjóðs afhenti styrkþegum viðurkenningarskjal. Styrkþegar fluttu að lokum stuttan fyrirlestur til kynningar á sínum fjölbreyttu vísindaverkefnum.

Styrkhafar:

Elías Sæbjörn Eypórsson sérfræðilæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins A multivariable model to predict the need for bone marrow sampling in individuals with MGUS. Meðumsækjandi Elíasar var Sigurður Yngvi Kristinsson, sérfræðilæknir og prófessor við Háskóla Íslands.

Birtingasjóður

Á árinu 2023 bárust Birtingasjóði 35 umsóknir, en sjóðnum er ætlað að styðja við og hvetja til birtinga frumkvæðisrannsókna við spítalann í góðum erlendum fræðitímaritum, þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur er starfsmaður spítalans. Greinarnar þarf að merkja spítalanum til að umsækjandi geti hlotið styrk. Veittir voru 28 styrkir, alls rúmlega 4 milljónir króna.

Merking greina

Vísindavirni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sérnámslæknir, hlaut styrk að upphæð 1,5 milljónir króna vegna verkefnisins Primary Aldosteronism in Iceland. Meðumsækjandi Hrafnhildar var Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðilæknir og klínískur prófessor við Háskóla Íslands.

Oddný Brattberg Gunnarsdóttir sérnámslæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins The Icelandic Hypertrophic Cardiomyopathy Project: A recall-by-genotype study on MYBPC3 founder mutation carriers. Meðumsækjandi Oddnýjar var Berglind Aðalsteinsdóttir, sérfræðilæknir.

Páll Guðjónsson sérfræðilæknir, hlaut styrk að upphæð 3 milljónir króna til 2ja ára vegna verkefnisins Indications and adverse effects of amiodarone in Iceland. Meðumsækjandi Páls var Karl Konráð Andersen, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands

Scott Gribbon fótaaðgerðafræðingur og verkefnastjóri, hlaut styrk að upphæð 1,5 milljónir króna vegna verkefnisins The extent of extremity pain in Icelandic schoolchildren and understanding the burden of paediatric leg pain. Meðumsækjendur Scotts voru Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands, Brynja Örlýgsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og prófessor við Háskóla Íslands og Stefan Nilson, prófessor við Gautaborgarháskóla.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirni Landspítala verður sýnilegri.

Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2023 fengur 4 starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Hjalte Már Björnsson, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands

Kristín Huld Haraldsdóttir, sérfræðilæknir og dósent við Háskóla Íslands

Marianne Elisabeth Klinke forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands

Þóra Jenný Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands